

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2015

# LJÓS Í LOFTI GLÆÐIST

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU



LAUGARDAGUR 5. DES. KL. 17 - SUNNUDAGUR 6. DES. KL. 17 - ÞRIÐJUDAGUR 8. DES. KL. 20

## EFNISSKRÁ

In dulci jubilo  
Þýskt jólalag frá 14. öld

In dulci jubilo f. tvo kóra  
Michael Praetorius, 1571-1621

In dulci jubilo f. tvær raddir  
Michael Praetorius

In dulci jubilo f. átta raddir  
Hieronymus Praetorius, 1560-1629

Sanctus f. þrjá kóra  
Giovanni Gabrieli, um 1555-1612

María fer um fjallaveg  
Johann Eccard, 1553-1611

Magnificat IV. toni, Versus 2, f. orgel  
Heinrich Scheidemann, um 1595-1663

Alleluia, Ecce Maria genuit f. þrjá kóra  
Melchior Franck, um 1579-1639

Resonet in laudibus f. fjórar raddir  
Samuel Scheidt, 1587-1654

Joseph, lieber Joseph mein  
Hieronymus Praetorius

Mig huldi dimm og döpur nótt  
Johann Eccard

Duo seraphim f. fjóra kóra  
Hans Leo Hassler, 1564-1612

Hlé

Tomorrow shall be my dancing day  
John Gardner, 1917-2011

This have I done for my true love  
Gustav Holst, 1874-1934  
Einsöngur: Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

Joseph and the angel  
Haflíði Hallgrímsson, f. 1941

Lúllaðu ljúfur  
Gustav Holst  
Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir

Fylgið stjórnun frelsarans  
Halldór Hauksson, f. 1968

Opin standa himins hlið  
Franskt lag frá 16. öld  
Útsetning: David Willcocks, 1919-2015

Það aldin út er sprungið  
Þýskt lag frá 16. öld  
Útsetning: Michael Praetorius

Nóttin var sú ágæt ein  
Sigvaldi Kaldalóns, 1881-1946  
Forspil og yfirródd: Atli Heimir Sveinsson, f. 1938

Guðs kristni í heimi  
Lag frá 18. öld  
Útsetning: David Willcocks



## MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

### Sópran

Anna Samúelsdóttir  
Auður Perla Svansdóttir  
Ása Valgerður Sigurðardóttir  
Ásdís Kristmundsdóttir  
Ásta Marý Stefánsdóttir  
Elva Dögg Melsteð  
Gígja Gylfadóttir  
Guðfinna Indriðadóttir  
Guðrún Hólmgeirsdóttir \*  
Halldóra Viðarsdóttir  
Hugrún Hólmgeirsdóttir \*  
Rut Guðmundsdóttir  
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

### Alt

Anna Lilja Torfadóttir  
Björg Sigurðardóttir \*  
Carina Kramer \*  
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir  
Hrafnhildur Þórólfsdóttir  
Hrefna Sigurjónsdóttir  
Katrín Sverrisdóttir  
Kristín Bergsdóttir  
Lenka Mátéová  
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir  
Ragnhildur Sigurðardóttir  
Sigríður Ásta Árnadóttir \*\*  
Valgerður Ólafsdóttir

### Tenór

Andrés Narfi Andrésson  
Gunnar Thor Örnólfsson \*  
Hafsteinn Már Einarsson  
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson  
Halldór Hauksson  
Hjálmar Benónýsson  
Ingibjartur Jónsson  
Ingvar Jón Bates Gíslason \*  
Páll Sólmundur Eydal  
Sigurjón Jóhannsson  
Stefán Ólafsson  
Þórhallur Vilhjálmsson

### Bassi

Atli Freyr Steinþórsson  
Eðvarð Ingólfsson  
Einar Örn Einarsson  
Eric Heinen  
Gunnar Örn Gunnarsson  
Hrólfur Gestsson  
Marcin Jan Cieslinski \*  
Martin Kollmar  
Ólafur Torfi Ásgeirsson \*\*  
Snorri Sigurðsson \*  
Sveinn Ingi Reynisson  
Sverrir Jónsson



\* Oktett í Alleluia, Ecce Maria genuit

\*\* Slagverk í Tomorrow shall be my dancing day

Fæddum kóngi fagni þjóð,  
fagurt syngi börnin góð,  
segi hver sem hefur hljóð:  
Nú birtist sá sem fæddi mey Maríá.  
Sb. 1589

Fyrir kirkjukór á borð við Mótettukór Hallgrímskirkju eru jólatónleikar sjálfsagður og ómissandi liður í verkefnaskrá hvers árs. Mörg eru þau sem sækja jólatónleika kórsins á hverju ári og hafa gert um árabíl. Við bjóðum alla tónleikagesti hjartanlega velkomna á jólatónleika ársins, jafnt fastagesti okkar sem þá sem nú heimsækja okkur jafnvel í fyrsta sinn á þessum tíma árs. Það má að vissu leyti segja að efnisskrá tónleikanna endurspegli ykkur, áheyrendur góðir, því lögin sem við munum flytja eiga sér sum hver sinn fasta sess á jólatónleikum okkar, á meðan önnur hljóma nú í fyrsta sinn í kirkjunni. Við munum því bæði endurnýja gömul kynni og vonandi eignast nýja vini hér í dag. Þessir tónleikar eru eiginlega sjálfstætt framhald af jólatónleikum síðasta árs og kemur þar tvennt til. Annarsvegar er uppstaða efnisskrárinnar af tvennum meiddi eins og í fyrra: þýsk snemmarokktónlist og ensk jólamúsík frá síðustu öld, hinsvegar köllum við aftur fram nokkra af félögum kórsins og leyfum þeim að láta ljós sitt skína. Orgelleikari tónleikanna stígur út úr kórnum, sömuleiðis tveir einsöngvarar og í einu lagi sýna tveir kórfélagar lipra slagverkstakta. Ennfremur hljómar nýortur texti eftir söngvara úr kórnum og lag eftir annan kórfélagi verður frumflutt. Mótettukórinn er þó sannarlega líka opinn fyrir utanaðkomandi áhrifum eins og sést á því að við fáum að þessu sinni til liðs við okkur fjóra valinkunna málmblásara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þeir félagar eru reyndar allir vel kunnugir Hallgrímskirkju og hafa margsinnis glatt kirkjugesti með list sinni. Fyrri hluti tónleikanna, sem er hugsaður sem ein órofa heild, er helgaður merkilegu tímabili í tónlistarsögunni, skilunum á milli endurreisnar og barokks á árunum fyrir og eftir aldamótin 1600 og eru allir höfundarnir fæddir á seinni hluta 16. aldar. Á jólatónleikunum í fyrra sungum við nokkur átta radda, tveggja kóra verk frá þessum tíma. Okkur fannst svo gaman að glíma við fjölröddunina að við flytjum nú nokkur þessara verka aftur og bætum um betur, því á efnisskránni eru tvö tólf radda verk og eitt sextán radda. Fjölkórastíll 16. og 17. aldar á rætur að rekja til Markúsarkirkjunnar í Feneyjum. Í þeirri stóru og glæsilegu byggingu fóru tónskáld að nýta sér hið ríkulega rými og hinn mikla eftirhljóm, í stað þess að láta aðstæðurnar vinna gegn sér. Söngvurum og hljóðfæraleikurum var skipt í tvo, þrjá, jafnvel fjóra hópa eða kóra, sem staðsettir voru á kórloftum kirkjunnar og ýmist látnir syngja og leika hver

fyrir sig, til skiptis eða saman. Þessi tilkomumikla tónlist sló í gegn, orðspor feneysku tónlistarmannanna breiddist út um Evrópu, ungir tónlistarmenn hvaðanæva að streymdu til Feneyja til náms og innblásturs, sneru svo aftur og staðfærðu stíllinn í sinni heimabyggð. Frægastur feneysku meistaranna var **Giovanni Gabrieli**. Hann var organisti og tónlistarstjóri í Markúsarkirkjunni frá 1586 til dauðadags árið 1612. Gabrieli var tilraunaglaður tónsmiður sem varð þekktur fyrir ýmsar nýjungar og lék sér á hugmyndaþróun hátt að andstæðum og styrkleikabreytingum. Við flytjum tónleikagestum lítið dæmi um snilld hans í formi messukafla, *Sanctus*, sem birtist á prenti í seinni bókinni af *Sacrae symphoniae* sem var gefin út þremur árum eftir andlát höfundarins. Messan er skrifuð fyrir þrjá fjögurra radda kóra. Þar eð Gabrieli og félagar skiptu röddunum á ýmsan og mismunandi hátt á milli söngvara og hljóðfæraleikara höfum við leyft okkur að gera slíkt hið sama. Í verki *Gabrielis* syngja söngvararnir hér kóra I og III (í kórnum á vinstri pallinum eru háar raddir, en lágur á hægri pallinum) á meðan orgelið og básúnurnar tvær túlka kór II. **Hans Leo Hassler** gerði sér fyrstur þýska tónlistarmanna ferð til Ítalíu að kanna tónlist þarlendra og ruddi með því merka braut í tónlistarsögunni því þýsk barokktónlist, meistaraverk Bachs, Händels og féлага, er óhugsandi án ítalskra áhrifa. Hassler kynntist Giovanni Gabrieli í Feneyjum og saman stunduðu þeir nám hjá föðurbróður hins síðarnefnda, Andrea Gabrieli. Fjölkórátónlistin í Markúsarkirkjunni hafði djúp áhrif á hinn unga Hassler og heim kominn samdi hann fjölda merkra verka í þeim stíl. *Duo seraphim*, lokaverkið á fyrri hluta tónleikanna, var upphaflega gefið út í Augsburg árið 1591 og þá í tólf radda gerð. Hassler endurskrifaði verkið síðar fyrir heilar sextán raddir í fjórum kórnum og þannig var það prentað að honum látnum árið 1615 í Nürnberg. Söngvarar og hljóðfæraleikarar skipta hér þannig með sér verkum að kórinn syngur kór II og IV, brasskvartettinn blæs kór I og fjórar raddir kórs III finna sér farveg í orgelinu. Annar þýskur meistari sem breiddi út fagnaðarerindið um feneyska fjölkórastíllinn norðan Alpafjalla var **Melchior Franck**. Hann leit sjálfur aldrei gylltar hvelfingar Markúsarkirkjunnar en lærði allt um stíl og tækni Feneyjaskólans af Hans Leo Hassler sem hann kynntist í Nürnberg í byrjun 17. aldar. Franck var með eindæmum afkastamikill höfundur og afar vinsæll á sinni tíð. Við flytjum eina af rúmlega 600 mótettum hans, *Alleluia, Ecce Maria genuit* fyrir tólf raddir, sem birtist í safninu *Melodiarum sacrarum* árið 1607. Hér skiptir kórinn sér í þrjá hópa, meginþorri söngvaranna syngur kór I og III með orgelið sér til fulltingis, en átta söngvarar sameinast málmblásurunum í kór II. Við hefjum tónleikana á því að skoða hinn alkunna og ævafora jólasálm *In dulci jubilo* frá nokkrum sjónarhornum. Sagan segir að englaskari hafi eitt sinn birst þýska dulspékingnum og



svartmunkinum Heinrich Seuse (1295-1366) og dregið hann með sér í himneskan dans. Við það ku hann hafa fyllst mikilli andagift og mælt þetta fræga söngkvæði um Jesúbarnið af munnni fram í skemmtilegri blöndu af latínu og þýsku.

Tvítýngdir sálmar af þessu tagi voru vinsælir á síðmiðöldum og kallaðir makarónískir. Þegar þessir sálmar voru þýddir létu menn latnesku ljóðlínurnar oftast standa óbreyttar en sneru þeim þýsku á móðurmálið. Í sálmabók Guðbrands biskups frá 1589 var In dulci jubilo þýtt á þann hátt og var sú þýðing alþekkt hér á landi á 17. og 18. öld. Hún varð hinsvegar síðar að víkja fyrir hinum fallega sálmi Sjá, himins opnast hlið eftir séra Björn Halldórsson í Laufási (1823-1882) og er nú flestum gleymd. Við ákváðum í fyrra að draga gömlu þýðinguna upp úr glatkistunni og syngjum hana aftur í ár.

Þeir Michael Praetorius og Hieronymus Praetorius, sem eiga heiðurinn af útsetningunum á In dulci jubilo á efnisskránni, voru kollegar og kunningjar en alls óskyldir. Í Þýskalandi voru Praetoriusar á hverju stráí á þessum tíma enda nafnið algengt latnesk



þýðing á eftirnafninu Schultz. Orgelleikarinn, tónsmiðurinn og tónlistarfræðingurinn Michael Praetorius frá Thüringen er stórt nafn í júlátónlistarsögunni og útsetningar hans á sálmalögum á borð við *Pað aldin út er sprungið*, sem hljómar á þessum tónleikum, eru að sönnu sígildar. Hamborgarinn Hieronymus Praetorius er ekki jafn nafnkunnur, en var mikilvægur hlekkur í þýskri tónlistarsögu, bæði á sviði orgel- og kórtónlistar. Báðir voru þeir félagarnir miklir áhugamenn um hinn feneyska fjölkórastíl og sömdu mörg margradda söngverk. Útsetningarnar á In dulci jubilo sem kórinni syngur eru báðar fyrir átta raddir en um margt ólíkar. Útsetning Michaels er fyrir tvo kóra sem kasta stefjabrotum á milli sín á skemmtilegan hátt, á meðan Hieronymus útsetur lagið á látlausari hátt, með afar fallegri yfirródd í annarri sópranróddinni. Tveggja radda útsetningin eftir Michael er upphaflega hugsuð til söngs en

við heyrum trompetana tvo flytja hana.

Annað fornt júlalag sem við skoðum frá fleiri en einni hlið er Resonet in laudibus. Við heyrum fyrst fjórradda útsetningu frá 1635 eftir orgelmeistarann og tónskáldið Samuel Scheidt. Hún er skrifuð fyrir söngraddir en hljómar vel í meðförum málmblásara. Í kjölfarið kemur Joseph, *lieber Joseph mein*, eftir Hieronymus Praetorius, en það er tveggja kóra útsetning hans á sama lagi. Textinn tvinnar saman Resonet in laudibus og þýska vöggvísu sem fyrst hljómaði í helgileikjum í Leipzig á 16. öld. Í meðförum Mótettukórsins er verkið þrýtyngt, því við skjótum nokkrum línunum úr íslensku þýðingunni á Resonet in laudibus í sálmabókinni frá 1589 inn í textann.

Höfundar flestra verkanna á fyrri hluta tónleikanna voru ekki bara snjöll tónskáld heldur líka slyngir organistar. Þar var Heinrich Scheidemann líklega fremstur meðal jafningja enda náðu orgelverk hans mikilli útbreiðslu og hann er jafnan talinn meðal mikilvægustu fyrirrennara Buxtehudes og Bachs á sviði orgeltónlistar. Við heyrum í dag kafla úr *Magnificat quarti toni*, einu af átta verkum Scheidemanns þar sem lofsöngur Maríu er túlkaður á orgel, eins og vinsælt var á þessum tíma.

Þýski tónsmiðurinn og tónlistarstjórinn Johann Eccard, sem samdi *María fer um fjallaveg* og *Mig haldi dimm og döpur nótt*, var samtímamaður Giovanni Gabrielis og þeir voru báðir nemendur hjá Orlando di Lasso í München. Þótt tónlist Eccards sé ekki í fjölkórastíl kallast hún fallega á við verk annarra meistara á fyrri hluta efnisskrárinnar, enda skrifuð af mikilli færni og innlifun.

Ekki þarf að hafa mörg orð um tónlistina á seinni hluta tónleikanna, svo þekkt og ástsæl sem flest laganna eru. Smellurinn *Tomorrow shall be my dancing day* eftir John Gardner er að vinna sér fastan sess á júlátónleikum Mótettukórsins eins og víða annars staðar.

Enska miðaldajólakvæðið sem Gardner notar sem texta er reyndar ekki allt þar sem það er séð. Þegar kvæðið er skoðað í heild, eins og Gustav Holst gerir í verki sínu *This have I done for my true love*, kunna nútímalesendur að reka upp stór augu. Það sem byrjar sem sakleysisleg lýsing á jólaatburðunum er í raun heilt örguðspjall í ellefu erindum, þar sem Kristur rekur sjálfur jarðneskt æviskeið sitt allt frá upphafinu í Betlehem og til dauða síns og upprisú. Bent hefur verið á að í nokkrum erindum í þessu sérkennilega kvæði megi merkja þá gyðingaandúð sem víða var landlæg í Evrópu á miðöldum og má það vissulega til sanns vegar færa. Við flytjum þó verkið í þeirri trú að tónlist Holsts færi kvæðið á æðra plan og sníði af því vankanta, enda var háleitt markmið þessa merka enska tónskálds að stuðla að eindrægni og samhug með tónlist sinni og að byggja tónabrýr milli þjóða.

Halldór Hauksson

# Café Loki sendir jólakveðju



Café Loki – Lokastíg 28 – 101 Reykjavík – s: 466 2828 – [www.loki.is](http://www.loki.is)

# Krambúð

Verið velkomin í nýja og endurbætta  
verslun sem enn heldur í sína gömlu sál.

Svo opnum við snemma  
og lokum seint!



**Krambúð**

Skólavörðustígur 42, 101 Reykjavík

OPID

Virka daga & Helgar  
8 - 23.30 & 10 - 23.30

### In dulci jubilo

In dulci jubilo,  
nun singet und seid froh!  
Unsers Herzens Wonne  
leit in praesepio,  
und leuchtet als die Sonne  
matris in gremio,  
Alpha es et O, Alpha es et O!

Heinrich Seuse

### In dulci jubilo

In dulci jubilo, [Í ljúfum fögnuði,  
nú glaðir syngjum svo,  
liggur ósk vors hjarta  
hér in praesepio [í jötunni]  
og skín sem sólin bjarta,  
matris in gremio, [í kjöltu móður,  
Alpha es et O, Alpha es et O!  
[upphaf og endir alls, upphaf og endir alls!]

O Jesu parvule, [Ó Jesú litli,  
vor hugur hjá þér sé.  
Styrktu oss í sinni,  
o puer optime, [ó drengurinn besti,  
með allri gæsku þinni,  
o princeps gloriae. [ó dýrðarprins.]  
Trahe me post te, trahe me post te!  
[Dragðu mig með þér, dragðu mig með þér!]

Ubi sunt gaudia? [Hvar er gleði?]  
Þar sem heyra má  
að Guðs englar syngja  
nova cantica, [nýja söngva,]  
ótal klukkur klingja  
in regis curia. [við hirð konungsins.]  
Eia, værum vér þar, eia, værum vér þar!  
Sb. 1589

### Sanctus

Sanctus, Sanctus, Sanctus,  
Dominus Deus Sabaoth.  
Pleni sunt coeli et terra gloria tua.  
Osanna in excelsis.  
Benedictus qui venit in nomine Domini.  
Osanna in excelsis.

*Heilagur, heilagur, heilagur  
ert þú, Drottinn, Guð allsherjar.  
Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni.  
Hósianna í upphæðum.  
Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.  
Hósianna í upphæðum.*

### María fer um fjallaveg

María fer um fjallaveg  
til frænku er hét Elísabet.  
Sú fagnar henni mest sem má:  
„Móður Drottins nú séð ég get,  
sem verða mun vegsamleg.“  
María varð glöð og sæl hún söng:  
„Mín önd skal mikla Drottin,  
minn andi í Guði gleðjast.  
Hann er mín hjálp,  
hans hulda ráð  
er heilög líkn og eilíf náð.“

### Alleluia, Ecce Maria genuit

Alleluia.  
Ecce Maria genuit nobis Salvatorem,  
quem Ioannes vidit, exclamavit dicens:  
Ecce Agnus Dei, qui tollit peccata mundi.  
Noë.

### Joseph, lieber Joseph mein

Joseph, lieber Joseph mein,  
hilf mir wiegen mein Kindelein.  
Gott der wird dein Löhner sein  
im Himmelreich, der Jungfrau Kind Maria.

Eia, eia!  
Jómfrúin þar Guð í heim.  
Faðirinn í syni þeim  
oss tók í sátt.

Fæddum kóngi fagni þjóð,  
fagurt syngi börnin góð,  
segi hver sem hefur hljóð:  
Sit gloria Christo nato infantulo.

Hodie apparuit in Israel,  
quem praedixit Gabriel,  
est natus Rex.

Tökum þar undir allir nú  
í andans tæra fjallablæ.  
Hefjum upp rödd og hjarta með,  
heilagur andi lífgi geð,  
svo rísi eins og sól úr sæ  
vor söngur upp í hreinni trú:  
„Mín önd skal mikla Drottin,  
minn andi í Guði gleðjast.  
Hann er mín hjálp,  
hans hulda ráð  
er heilög líkn og eilíf náð.“

Philipp Nicolai – Sigurbjörn Einarsson

### Hallelúja.

Sjá, María fæddi frelsara okkar,  
sem Jóhannes sá og sagði svo um:  
Sjá, Guðs lamb, sem ber syndir heimsins.  
Jól.

Jósef, elsku Jósef minn,  
hjálpaðu mér að vagga barninu.  
Guð mun launa þér  
á himnum, barnið hennar Maríu.

Dýrð sé Kristi, hinu nýfædda sveinbarni.

Í dag birtist sá í Ísrael,  
sem Gabríel sagði fyrir um,  
hann fæddist konungur.



### Mig huldi dimm og döpur nótt

Mig huldi dimm og döpur nótt  
og dauðans broddur nísti,  
en þú mig fannst, og þýtt og hljótt  
af þínum degi lýsti.

Ó, sól míns lífs, ég lofa þig,  
sem lífgar, frelsar, blessar mig  
með guðdómsgeislum þínum.

Paul Gerhardt – Sigurbjörn Einarsson

### Duo seraphim

Duo seraphim clamabant alter ad alterum:  
Sanctus, Sanctus, Sanctus,  
Dominus Deus Sabaoth.  
Plena est omnis terra gloria eius.

*Tveir serafar kölluðu hvor til annars:  
„Heilagur, heilagur, heilagur  
er Drottinn, Guð allsherjar,  
öll jörðin er full af hans dýrð.“*

Jes. 6, 3

Tres sunt, qui testimonium dant in coelo:  
Pater, Verbum et Spiritus Sanctus,  
et hi tres unum sunt.

*Þrír eru þeir sem vitna í himninum:  
Faðirinn, orðið og heilagur andi,  
og þessir þrír eru eitt.*

1. Jóh. 5, 7

Laus et perennis gloria  
Deo Patri cum Filio,  
Sancto simul Paracleto,  
in sempiterna secula.

*Lof og eilíf dýrð  
sé Guði föður og syni  
og heilögum anda  
um aldir alda.*

Sanctus, Sanctus, Sanctus...

*Heilagur, heilagur, heilagur...*

### This have I done for my true love

Tomorrow shall be my dancing day.  
I would my true love did so chance  
to see the legend of my play,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love, oh! my love, my love, my love.  
This have I done for my true love.

Then was I born of a virgin pure,  
of her I took fleshly substance.  
Thus was I knit to man's nature,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love...

In a manger laid, and wrapped I was,  
so very poor, this was my chance,  
betwixt an ox and a silly poor ass,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love...

Then afterwards baptized I was,  
the Holy Ghost on me did glance.  
My Father's voice heard I from above,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love...

Into the desert I was led,  
where I fasted without substance.  
The Devil bade me make stones my bread,  
to have me break my true love's dance.  
Sing, oh! my love...

The Jews on me they made great suit,  
and with me made great variance,  
because they loved darkness rather than light,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love...

*Á morgun dansa ég allan daginn.  
Ég vona að ástin mín  
sjái leikinn um líf mitt,  
og býð henni í dansinn.  
Syng, ástin mín, æ ástin mín, ástin mín!  
Þetta hef ég gert fyrir mína heittelskuðu.*

*Svo var ég fæddur af hreinni mey,  
af henni fékk ég holdlegan ham.  
Þannig tengdist ég eðli mannsins,  
og býð ástinni minni í dansinn.  
Syng, ástin mín...*

*Ég var lagður í jötu og reifum vafinn,  
örsnaður, en nú var lag,  
á millum uxa og vesæls asna,  
að bjóða ástinni minni í dansinn.  
Syng, ástin mín...*

*Síðar var ég skírður,  
heilagur andi kom yfir mig.  
Ég heyrði rödd föður míns af himnum,  
og býð ástinni minni í dansinn.  
Syng, ástin mín...*

*Ég var leiddur út í eyðimörkina,  
þar sem ég fastaði.  
Djöfullinn bað mig að gera steina að brauði,  
svo að ástin mín heltist úr dansinum.  
Syng, ástin mín...*

*Gyðingarnir ásóttu mig  
og deildu harkalega á mig,  
því að þeir mátu myrkrið meira en ljósið,  
ég býð ástinni minni í dansinn.  
Syng, ástin mín...*

For thirty pence Judas me sold,  
his covetousness for to advance:  
Mark whom I kiss, the same do hold!  
The same is he shall lead the dance.  
Sing, oh! my love...

Before Pilate the Jews me brought,  
where Barabbas had deliverance.  
They scourged me and set me at nought,  
judged me to die to lead the dance.  
Sing, oh! my love...

Then on the cross hanged I was,  
where a spear my heart did glance.  
There issued forth both water and blood,  
to call my true love to my dance.  
Sing, oh! my love...

Then down to hell I took my way  
for my true love's deliverance,  
and rose again on the third day,  
up to my true love and the dance.  
Sing, oh! my love...

Then up to heaven I did ascend,  
where now I dwell in sure substance  
on the right hand of God, that man  
may come unto the general dance.  
Sing, oh! my love...

Ensk jólavísa frá miðöldum

*Júdas seldi mig fyrir þrjátíu peninga,  
til að næra ágirnd sína.  
„Takið höndum þann sem ég kyssi,  
það er hann sem mun leiða dansinn.“  
Syng, ástin mín...*

*Gyðingarnir færðu mig fyrir Pílatus,  
þar sem Barabbas fékk frelsi.  
Þeir húðstrýktu mig og niðurlægðu,  
dæmdu til dauða og að leiða dansinn.  
Syng, ástin mín...*

*Þá var ég hengdur á kross,  
og spjóti stungið í hjarta mitt,  
svo fram rann bæði vatn og blóð,  
að bjóða ástinni minni í dansinn.  
Syng, ástin mín...*

*Þá lagði ég leið mína niður til heljar  
til að frelsa mína heittelskuðu,  
og reis á ný á þriðja degi  
upp til hennar og dansins.  
Sing, oh! my love...*

*Svo steig ég upp til himna,  
þar sem ég dvel nú í óbrigðulu eðli  
við hægri hönd Guðs, svo maðurinn  
megi stíga hinn eilífa dans.  
Syng, ástin mín...*

### Joseph and the angel

As Joseph was a-walking  
he heard an Angel sing:  
This night shall be born  
our heavenly king.

He neither shall be born  
in housen nor in hall,  
nor in the place of Paradise,  
but in an ox's stall.  
Noel.

As Joseph was a-walking...

He neither shall be clothed  
in purple nor in pall,  
but all in fair linen  
As wear babies all.  
Noel.

As Joseph was a-walking...

He neither shall be rocked  
in silver nor in gold,  
but in a wooden cradle  
that rocks on the mold.  
Noel.

As Joseph was a-walking...

He neither shall be christened  
in white wine nor in red,  
but in the fair spring water  
as we were christened.  
Noel.

Enskt jólakvæði frá miðöldum

Sem Jósef var á göngu  
hann heyrði engilróm:  
Í nótt mun fæðast herra  
í háan helgidóm.

Þar hvorki höll né hús  
né himin Paradís.  
Vor prins í jötu fæðast mun  
á lágum dýrabás.  
Jól.

Sem Jósef var á göngu...

En hvorki skraut né skart  
mun skryða konungbarn,  
en reifað hvítu líni  
í jötu ungabarn.  
Jól.

Sem Jósef var á göngu...

En hvorki gull né glys  
mun glóa á vöggu hans.  
Í kró með moldargólfi  
mun vera rúmið hans.  
Jól.

Sem Jósef var á göngu...

Né áfeng þrúgnaveig  
í skírnarfonti hans,  
þá lindarvatni dreypir  
á enni frelsarans.  
Jól.

Guðrún Hólmeirsdóttir þýddi

### Lúllaðu ljúfur

Lúllaðu ljúfur, minn son, sæti stúfur,  
lúllaðu mitt hjartans eftirlæti.

Ég sá hvar sat stúlka,  
bjartleit og ung,  
að raula við lítið barn,  
við sætan lofðung.  
Lúllaðu ljúfur...

Kóngur ævinnur er Hann,  
allt skapaði Hann,  
af öllum háum hæstur Hann,  
há kóngum kóngur er Hann.  
Lúllaðu ljúfur...

### Fylgið stjörnu frelsarans

Fylgið stjörnu frelsarans,  
fagnið ávallt komu hans,  
og í hjartans helgidóm  
honum vígið sérhvert blóm.

Nú brosa blessuð jólin  
og bráðum hækkar sólin,  
nú himneskt ljós er heimi fært.  
Því fögur flytur stjarna  
Guðs frið til jarðar barna.  
Hve ljósið hennar ljómar skært!

### Opin standa himins hlið

Opin standa himins hlið  
í helgum dýrðarljóma.  
Loftin öll þau óma við,  
þar englatungur hljóma.  
Gloria. Hosanna in excelsis.

Út braust mikil kátína  
þá barnið var fætt,  
leiftruð himneskum fögnuði  
öll sungu af gleði dátt.  
Lúllaðu ljúfur...

Englar bjartir sungu um nátt  
og sögðu við þann svein:  
Blessaður ver og einnig hún,  
svo mild og mjúk og hrein.  
Lúllaðu ljúfur...

Biðjum nú til barnsins,  
hans móðir er oss kær,  
Guðs blessun hlotnist honum,  
sem nú ljómar skær.  
Lúllaðu ljúfur...

Gamalt enskt jólakvæði  
Guðrún Hólmgeirsdóttir þýddi

Fylgið stjörnu frelsarans...

Nú englar svífa og syngja  
og silfurbjöllum hringja,  
þeir tala lífsins milda mál.  
En jólabarnið bjarta  
skal búa í voru hjarta.  
Þá fyllist gleði sérhver sál.

Fylgið stjörnu frelsarans...

Rósa B. Blöndals

Allt sem lifir, undur blítt,  
í auðmýkt Drottni syngi.  
Ótal raddir ómi þýtt  
og allar klukkur hringi.  
Gloria. Hosanna in excelsis.

Héðan látum hljóma dátt  
til himins lofgjörð sanna.  
Guð, sem gefur frið og sátt,  
nú gistir jörðu manna.  
Gloria. Hosanna in excelsis.

G.R. Woodward – Sigurður Pálsson

### Það aldin út er sprungið

Það aldin út er sprungið  
og ilmar sólu mót,  
sem fyrr var fagurt sungið  
af fríðri Jesse rót.  
Og blómstrið það á þrótt  
að veita vor og yndi  
um vetrar miðja nótt.

### Nóttin var sú ágæt ein

Nóttin var sú ágæt ein,  
í allri veröld ljósið skein,  
það er nú heimsins þrautarmein  
að þekkja hann ei sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Í Betlehem var það barnið fætt,  
sem best hefur andar sárin grætt,  
svo hafa englar um það rætt  
sem endurlausnarinn væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

### Guðs kristni í heimi

Guðs kristni í heimi, krjúp við jötu lága.  
Sjá, konungur englanna fæddur er.  
Himnar og heimar láti lofgjörð hljóma.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum.  
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Hann ljós er af ljósi, Guð af sönnum Guði,  
einn getinn, ei skapaður, sonur er.  
Orðið varð hold í hreinnar meyjar skauti.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum...

Sjá, himnarnir opnast. Hverfur nætursorti,  
og himneskan ljóma af stjörnu ber.  
Heilagan lofsöng himinhvolfin óma.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum...

Þú ljúfa liljurósinn,  
sem lífgar helið kalt  
og kveikir kærleiksljósin  
og krýnir lífið allt.  
Ó, Guð og maður, greið  
oss veg frá öllu illu  
svo yfirvinnum deyð.

Þýskur jólasálmur frá 16. öld  
Matthías Jochumsson þýddi

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,  
þeir fundu bæði Guð og mann,  
í lágan stall var lagður hann,  
þó lausnarinn heimsins væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Lofið og dýrð á himnum hátt  
honum með englum syngjum þrátt,  
friður á jörðu og fengin sát,tt,  
fagni því menn sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Einar Sigurðsson

Á Betlehemsvöllum hirðar gættu hjarðar.  
Guðs heilagur engill þeim fregn þá ber.  
Fæddur í dag er frelsari vor Kristur.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum...

Já, dýrð sé í hæðum Drottni, Guði vorum,  
og dýrð sé hans syni, er fæddur er.  
Lofsöngvar hljómi. - Himinhvolfin ómi:  
Ó, dýrð í hæstu hæðum.  
Ó, dýrð í hæstu hæðum.  
Guðs heilagi sonur, ó, dýrð sé þér.

Wade – Valdimar V. Snævarr

*Allir syngi með í 3. og 5. versu.*

## Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum og má nefna Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson, óratóríuna Cecilíu eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson og Fléttu eftir Hauk Tómasson.

Hörður hefur ásamt kórnum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og keppnum á alþjóðlegum vettvangi, og meðal annars unnið til verðlauna í Cork á Írlandi árið 1996, Noyon í Frakklandi 1998, á Ítalíu árið 2002 og á Festival Cancó Mediterranea á síðasta ári. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kölnardómkirkju, Notre Dame og St. Sulpice í París, dómkirkjunum í Frankfurt, Brüssel og



Helsinki og Münster í Basel. Tónlistarflutningur Harðar hefur oft sinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á geislaplötum.

Hörður hefur hlotið margsháttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV árið 2002, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002. Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985-1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005-2011.



## Lenka Mátéová

Lenka Mátéová er fædd í Tékkóslóvakíu. Hún lauk kantorsprófi frá Konservatóríunni í Kromeriz og mastersnámi við Tónlistarakademíuna í Prag. Á námsárunum vann hún til margra verðlauna í heimalandi sínu og hún hefur leikið einleik víða í Evrópu.

Lenka hefur starfað á Íslandi frá árinu 1990, fyrst á Stöðvarfirði, svo árin 1993-2007 sem kantor við Fella- og Hólakirkju og nú við Kópavogskirkju. Hún hefur einnig tekið þátt í kammer- og kórtónleikum hér á landi og komið fram sem einleikari.

Auk starfa sinna við kirkjur hefur Lenka verið organisti með Karlakór Reykjavíkur, Drengjakór Reykjavíkur og Hljómeyki. Hún hefur spilað með þeim á tónleikum, í upptökum fyrir sjónvarp, útvarp og á hljómdiska. Lenka hefur sungið með Mótettukórnum frá árinu 2003.

## Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra Íslands. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur. Þar má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og sungið í mörgum helstu dómkirkjum Evrópu, auk þess sem hann hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Bergen, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen. Kórinn vann til verðlauna í alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi árið 1996 og í september á síðasta ári vann kórinn til þrenna gullverðlauna á alþjóðlegu kórakeppninni Cançó Mediterrània á Spáni þar sem kórinn vann einnig Grand Prix verðlaun sem besti kór keppinnar.

Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt má nefna Matteusarpassíu, Jóhannesarpassíu, Jólaóratóriu og H-moll messu Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratóríurnar Elía og Paulus eftir Mendelssohn, Vesper eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og Þýska sálumessu eftir Johannes Brahms. Kórinn kemur reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og í mars 2012 flutti hann ásamt sveitinni Messu í c-moll

eftir Mozart og í júní sama ár 9. sífóníu Beethovens, en fyrir þann flutning var kórinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins í flokki klassískrar tónlistar.

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur sungið inn á marga geisladiska og hefur fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda fyrir diska með sálumessu Maurice Duruflé og Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson. Þá hafa komið út geisladiskar hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS þar sem kórinn syngur verk Jóns Leifs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hafa jólageisladiskar Mótettukórsins notið mikilla vinsælda enda eru árlegir jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur á aðventunni.

Meðal íslenskra verka sem Mótettukórinn hefur frumflutt á síðustu árum má nefna óratóriuna Cecilíu eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson árið 2009, sem var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2010 sem tónverk ársins, og Fléttu eftir Hauk Tómasson, sem var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2011 og kom í kjölfarið út bæði á mynd- og geisladiski. Tvö stærstu verkefni kórsins á þessu ári voru flutningur á Passíu Hafliða Hallgrímssonar á föstudaginn langa og á óratóriunni Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð í ágúst ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag.







**Ásgeir Hermann Steingrímsson** fæddist á Húsavík 1957 og hóf tónlistarnám þar. Hann lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1979. Ásgeir stundaði framhaldsnám við Mannes College of Music í New York undir handleiðslu John Ware, fyrsta trompetleikara Filharmóníusveitar New York borgar og lauk prófi þaðan 1983. Frá 1985 hefur hann verið fastráðinn trompetleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ásgeir kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þess utan hefur hann komið víða við í tónlistarlífinu og leikið með Hljómsveit Gunnars Þórðarsonar, Stórsveit Ríkisútvarpsins, Hljómskálakvintettinum, Hljómsveit Íslensku óperunnar, Íslensku Hljómsveitinni, Caput og Kammersveit Reykjavíkur. Hann hefur margoft komið fram sem einleikari með Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands.



**Eiríkur Örn Pálsson** hóf tónlistarnám sitt hjá Páli P. Pálssyni og nam síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna og lauk þaðan bæði BA og MFA gráðu. Eiríkur Örn hefur verið fastráðinn trompetleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1996. Hann er meðlimur Caput-hópsins og hefur leikið á fjölmörgum diskum hópsins auk þess að hafa farið í tónleikaferðir með hópnum til ellefu landa. Hann leikur reglulega með Kammersveit Reykjavíkur og hefur hljóðritað fjölmarga diska með sveitinni, m.a. trompetkonserta eftir J.F. Fasch og Leopold Mozart. Trompetleik Eiríks Arnar hefur mátt heyra á leiksýningum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins og í Íslensku óperunni. Eiríkur Örn lék einnig um tíma með Stórsveit Reykjavíkur. Auk þess hefur hann leikið í hljóðverum fyrir kvikmyndir, sjónvarp og hjómddiskaútgáfur ýmiskonar. Hann kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarskóla FÍH og Listaháskóla Íslands.



**Oddur Björnsson** stundaði nám í básúnuleik hjá Birni R. Einarssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík, framhaldsnám við New England Conservatory of Music í Boston og sótti sumarnámskeið í Tanglewood og við Aspen Music Festival. Oddur var 1. básúnuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 1985-2015 auk þess að leika með Hljómsveit Íslensku óperunnar á sama tíma. Oddur er einn af stofnendum Hljómskálakvintettsins og leiddi um árabil básúnudeild Stórsveitar Reykjavíkur. Oddur frumflutti með SÍ Jubilus II fyrir básúnu og bláasaraveit eftir Atla Heimi Sveinsson og Sinfonia Concertante fyrir málmbláasaratrío og Hljómsveit eftir Pál P. Pálsson með Íslensku Hljómsveitinni. Oddur hefur tekið þátt í alþjóðamótum International Trombone Association í Bandaríkjunum, Austurríki, Hollandi, Finnlandi, Frakklandi og á Englandi.



**Sigurður Sveinn Þorbergsson** er fæddur og uppalinn í Neskaupstað og hóf þar tónlistarnám hjá Haraldi Guðmundssyni. Hann lauk fullnaðarprófi frá Tónskóla Sigursveins árið 1984. Sigurður dvaldi um fimm ára skeið við nám í Guildhall School of Music and Drama í London, og lærði m.a. hjá Denis Wick, Eric Crees, Peter Gane og Dudley Bright. Sigurður hefur starfað í Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1989 og er 1. básúnuleikari þar nú. Hann kemur reglulega fram sem einleikari og leikur oft með mörgum helstu Hljómsveitum og kammerhópum landsins. Sigurður er ennfremur tónlistarkennari við viðurkenna tónlistarskóla og Listaháskóla Íslands.

# JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2015

28. NÓVEMBER - 31. DESEMBER



## 11. & 18. DESEMBER FÖSTUDAGAR

12.00–12.30 Aðventutónleikar með Schola cantorum

Schola cantorum býður upp á hádegistónleika sína á aðventunni með áherslu á fagra aðventu- og jólatónlist. Tónleikarnir eru sannkallað mótefni gegn jólaös og jólastressi. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

## 17. DESEMBER FIMMTUDAGUR

20.00 Jazz fyrir jólin

Þýskt jazzdúó, skipað Markusi Burger píanóleikara og Jan von Klewist saxófónleikara, ferðast nú um heiminn sem tónlistarsendiboðar Þýskalands í tilefni af 500 ára afmæli siðaskiptanna árið 2017. Fluttir verða jólasálmur í jazzbúningi. Tónleikarnir eru í samvinnu við þýska sendiráðið.

Aðgangur ókeypis.



## 27. DESEMBER SUNNUDAGUR – JÓL

17.00 Fæðing frelsarans – Orgeltónleikar

Björn Steinar Sólbergsson organisti flytur hið magnaða La Nativité du seigneur – Fæðing frelsarans. Níu hugleiðingar fyrir orgel eftir Olivier Messiaën. Eitt frægasta jólaorgelverk allra tíma.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



## 31. DESEMBER GAMLÁRS DAGUR

17.00 Hátíðarhljómar við áramót

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur. Trompetleikarnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Að þessu sinni leysir Björn Steinar Sólbergsson Hörð Áskelsson af. Áramótastemmingin byrjar með hátíðarhljómunum þeirra félaga, enda njóta þessir tónleikar gríðarlega mikilla vinsælda.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



**Mótettukór Hallgrímskirkju þakkar veitta aðstoð:**

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur  
Sóknarnefnd og starfsfólk Hallgrímskirkju  
Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju  
ENNEMM

Hafsteinn Sv. Hafsteinsson

Efnalaugin Björg

Gunnar Eggertsson ehf.

Litróf - Hagprent

Pixel

Tónaflóð

Inga Rós Ingólfssdóttir

Alexandra Kjeld

Hljóð-X

Daníel Ólafsson

Ingvar Jón Bates Gíslason

Sigríður Ásta Árnadóttir

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Skógrækt Ríkisins

Sýningakerfi

Stjórn Mótettukórs Hallgrímskirkju:

Snorri Sigurðsson, formaður

Rut Guðmundsdóttir, ritari

Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, gjaldkeri

Katrín Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Sigurjón Jóhannsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Ólafur Torfi Ásgeirsdóttir og Sara Elísabet Svansdóttir

Listvinafélag Hallgrímskirkju:

Sigurður Sævarsson formaður, Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri,

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi

Ljósmyndir: Einar B. Pálsson, Kristín Bogadóttir, Arnaldur Halldórsson o.fl.

Jólatréð sem stendur fyrir miðju sviði er úr Heiðmörk og var sérstaklega valið til að prýða þessa tónleika. Mótettukórinn kann Skógræktarfélagi Reykjavíkur bestu þakkir fyrir þennan glæsilega grip.

Efnisskrá: Halldór Hauksson

Hönnun: Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, ENNEMM

[www.listvinafelag.is](http://www.listvinafelag.is)

[www.motettukor.is](http://www.motettukor.is)

[www.facebook.com/motettukor](https://www.facebook.com/motettukor)

Geisladiskar fánlegir í helstu hljómplötuverslunum og í Hallgrímskirkju.



KRISTINN SIGMUNDSSON OG MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU Á JÓLATÓNLEIKUM 2010  
A 2010 CHRISTMAS CONCERT WITH KRISTINN SIGMUNDSSON AND THE HALLGRÍMSKIRKJA MÓTETT CHOR  
KONNÉ TÓNLEIÐIR HÖNNUN: ORGEL: ÖRGJÓRN: ÓLAFUR TORFI ÁSGEIRSDÓTTIR MÓTETTUKÓRSTJÓRNANDI: KRISTINN SIGMUNDSSON



LJÓSIÐ ÞITT LÝSI MÉR  
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON



HÁUKUR TÓMASSON

FLETTA

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU  
STJÓRNANDI: KRISTINN SIGMUNDSSON



Gjafakort Íslandsbanka

STUNDUM  
ER GAMAN AÐ  
LEYFA ÖÐRUM  
AÐ ÁKVEÐA

Einfaldaðu  
ákvörðunina með  
gjafakorti Íslandsbanka

Gjafakort Íslandsbanka hittir alltaf í mark og er gjöf með endalausum möguleika. Kortið má nota eins og önnur greiðslukort, bæði í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka.



Íslandsbanki